

Gallon ehf.
Skútuvogi 1
104 Reykjavík

Akureyri, 2.4.2024
UST202401-329/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmælingar á lýsis- og olíugeymum - Gallon ehf., Eskifirði geymir nr. B205

Umhverfisstofnun bárust þann 18. mars sl. þykktarmælingar og segulssviðsskönnun á geymi Gallon ehf., Eskifirði. Geymirinn hefur fastanúmerið 217-0616 0501010 og eigendanúmerið B205 í olíubirgðastöð rekstraraðila á hafnarsvæðinu á Eskifirði. Geymirinn er standandi stálgeymir, smíðaður árið 2003.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli A. Guðmundsson og Andre Sandö hjá NDT ehf. á Akureyri, þann 27. maí 2020. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 - 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial No.MK4 0016-A-TFS. Botn geymisins var mældur, ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu nr. 1989, frá NDT ehf., að geymirinn og neðsta umfar sé málað að innan. Einnig kemur fram að málningin sé í ágætis ásigkomulagi og að mælingar og skoðun á plötum í geymi sýna að ástand geymis sé mjög gott.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf., um þykktarmælingar geymisins.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri